

Garðabær
Hrönn Hafliðadóttir
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 23. maí 2024
UST202405-017/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Breiðamýri - Grásteinsmýri - Garðabær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Breiðamýri Grásteinsmýri í Garðabær.

Í erindinu kemur fram að hámarksfjöldi íbúða við Grásteinsmýri eykst um 18, úr 84 í 102.

Bessastaðanes

Umhverfisstofnun bendir á að íbúðarsvæðið er í jaðri Bessastaðanes sem er friðlýst þar sem markmið friðlýsingarinnar er að vernda og varðveita til framtíðar náttúrulegt ástand svæðisins sem búsvæði fugla og mikilvægt viðkomusvæði farfugla. Jafnframt er markmiðið að vernda fræðslu- og útivistargildi svæðisins sem felst m.a. í líffræðilegri fjölbreytni, auðugu lífríki, tækifærum til útivistar innan þéttbýlis og nýtingar sem samrýmist verndun búsvæða fugla.

Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að þess sé gætt að gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins.¹ Þess vegna er mikilvægt að tryggja umferð gæludýra, m.a. lausaganga katta, valdi ekki truflun á fuglalífi.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Bessasta%3fb0anes%20Fri%3b0l%3bdsing%20undirritu%3b0.pdf>